

## Erindisbréf

### siðanefndar stjórnsýslurannsóknna á LSH

Við Landspítala starfar siðanefnd stjórnsýslurannsóknna sem fjallar um allar rannsóknarbeiðnir og rannsóknaráætlanir, sem ekki falla undir siðanefnd LSH, sem skipuð er samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Siðanefnd stjórnsýslurannsóknna starfar á ábyrgð forstjóra LSH og hefur nán tengls við siðanefnd LSH.

Tilgangur nefndarinnar er að leiðbeina, meta og veita samþykki fyrir rannsóknum sem fram eiga að fara innan spítalans, frá siðfræðilegu og vísindalegu sjónarmiði og gæta þannig hagsmuna þátttakenda og um leið stofnunarinnar. Niðurstöðum nefndarinnar má áfrýja til forstjóra LSH.

Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af siðanefnd LSH. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af forstjóra, skal annar starfa utan LSH og hinn vera formaður nefndar. Nefndin getur tilnefnt tengilið sem annast samskipti við rannsakanda og tryggir tengingu verkefnisins við starfsemi LSH.

Nefndin skal starfa samkvæmt starfsreglum siðanefndar LSH eftir því sem við á þannig að kröfur til rannsóknáætlana og vinnuaðferða séu sambærilegar og skal vera náið samstarf milli formanna nefndanna. Fundargerðir skulu skráðar og vera aðgengilegar starfsmönnum og stjórnendum á vef spítalans.

Nefndina skipa:

Þorvarður Jón Löve, læknir og formaður, skipaður af forstjóra

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor skipuð af forstjóra

Helga Þórðardóttir, lögfræðingur skipuð af siðanefnd LSH

4. desember 2013



Páll Matthíasson  
forstjóri LSH